

Mái – júní 2010

Til formanna klúbba í Soroptimistasambandi Íslands

Kæru formenn

Þar sem nokkuð er misjafnt hvort klúbbar eru með síðasta fund fyrir sumarfrí í lok maí eða í byrjun júní sendi ég stutt bréf núna og bið ykkur að koma skilaboðunum til ykkar systra.

1. Haustfundurinn verður í Munaðarnesi 1.-3. október nk. eins og áður hefur komið fram. Verðið fyrir gistingu í 2 nætur, hádegismat og kvöldmat er áætlað kr. 15.000. Fyrirlesari verður Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. Kynning verður á Ísraelsferð systra úr Kópavogskúbbi og systur úr Hafnarfirði og Garðabæ munu segja okkur frá hvernig „ferðavikan“ gengur fyrir sig. Bið ég nú alla formenn að gera lauslega könnun á væntanlegri þátttöku á haustfundinn þannig að ég geti látið vita hve mörg hús þarf að bóka í Munaðarnesi. Upplýsingarnar þarf ég að fá fyrir 10. júní.
2. Með þessu bréfi fylgir ný fjárhagsáætlun með breytingum sem gerðar voru á Landssambandsfundi 17. apríl 2010 en þá var samþykkt hækkun á framlagi til útbreiðslunefndar um 55.000 krónur.
3. Einnig fylgja myndir af nýbyggðum salernum sem við kostuðum fyrir grunnskólann í Kollo í Niger í Afríku.
4. Ég bendi á að þegar PFR skýrslur eru sendar þurfa þær að fara í gegnum gagnagrunn Evrópusambandsins. Nú er verið að leiðrétta leiðbeiningar á heimasíðunni og verða þær komnar inn í næstu viku. Ekki er lengur hægt að nota eyðublöðin sem þar voru og hafa þau þegar verið fjarlægð.
5. Minni ég á gróðursetninguna í Heiðmörk 3. júní kl.18:00.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs sumars og vona að við hittumst hressar og fullar starfsorku næsta haust.

Með systrakveðju
Guðrún Erla Björgvinsdóttir
forseti SI/Í

